

GÁTLISTI UM UPPHAF STARFS – SKIPUN/SETNING Í EMBÆTTI

Við undirbúning að skipun og setningu í embætti ríkisins þarf að hafa í huga að ákvarðanir um slíkt teljast stjórnvaldsákvarðanir í skilningi stjórn-sýslulaga. Ennfremur þarf að gæta að almennum ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, auk reglna sem fjármálaráðherra setur á grundvelli þeirra, sem og sérákvæðum laga um hlutaðeigandi embætti, starfsstétt eða stofnun. Þá kann að reyna á fleiri lagaákvæði. Sjá nánar eftirfarandi upptalningu:

Lög og reglur

1. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 (starfsmannalög/stml.), einkum 5., 6. og 7. gr.
2. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjskr.), einkum 20. gr.
3. Stjórnsýslulög nr. 37/1993 (ssl), einkum 8., 10., 11., 13. og 22. gr.
4. Upplýsingalög nr. 50/1996 (uppl), einkum 4. tölul. 4. gr. og 23. gr.
5. Lög um jafna stöðu og jafnan rétt nr. 96/2000 (jafnréttislög), einkum 15. og 24. gr.
6. Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992, einkum 32. gr.
7. Sérákvæði laga um hlutaðeigandi starfsstétt, t.d. um lækna, lögreglumenn og kennara.
8. Reglur fjármálaráðherra nr. 413/1996 um skyldu til að upplýsa embættismenn um skipunarkjör.

Sjá einnig dreifibréf ráðuneytisins nr. 8/2002 - Upphaf starfs/embættismenn.

Auglýsingaskylda

- Laus embætti skal auglýsa opinberlega áður en þau eru veitt, sbr. 1. mgr. 7. gr. stml.
- Heimilt er að setja í embætti um stundarsakir vegna afleysinga, sbr. 24. gr. stml.
- Auglýsingaskyldan vikir ef störfum og verksviði eldri starfsmanns er beitt skv. 19. gr. stml. eða hann færður á milli embætta skv. 36. gr. stml.
- Í stöku undanteningartilvikum kunna sérákvæði laga að víkja frá auglýsingaskyldu 7. gr. stml.

Efni auglýsingar

- Gæta þarf sérstaklega að því hvort kveðið sé um lágmarksmenntun eða önnur lágmarkshæfisskilyrði í sérákvæðum laga um viðkomandi embætti, starfsstétt eða stofnun til viðbótar almennum hæfisskilyrðum 6. gr. stml. Í stöku tilvikum kann að vera rétt samkvæmt eðli máls að gera strangari/sértækari kröfur heldur en koma fram í sérákvæðum laga. Slíkar kröfur þurfa að vera málefnalegar og nauðsyn þeirra ótvíræð.
- Séu engin ákvæði um lágmarksmenntun eða önnur lágmarkshæfisskilyrði þarf að meta hvað kröfur sé rétt að gera að teknu tilliti til almennra hæfisskilyrða 6. gr. stml.
- Hvergi er mælt fyrir um það með almennum hætti hvaða atriði skuli að lágmarki koma fram í auglýsingu um laust embætti. Í þessu sambandi má þó hafa hliðsjón af reglum nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum, nánar tiltekið upptalningu 4. gr. á þeim atriðum sem þurfa að koma fram, þar á meðal er i) lýsing á starfi, ii) menntunarkröfur (hæfisskilyrði) og/eða hæfniskröfur, svo sem persónulegir eiginleikar, og iii) starfskjör (kjarasamningur eða ákvarðanir úrskurðaraðila).
- Nafn stofnunar skal koma fram í auglýsingu.
- Óheimilt er að lofa umsækjendum nafnleynd. Þegar umsóknarfrestur er liðinn er skylt að veita hverjum þeim sem þess óskar upplýsingar um nöfn og starfsheiti umsækjenda, sbr. 3. mgr. 7. gr. stml. og 4. tölul. 4. gr. uppl.
- Óheimilt er að auglýsa eftir umsækjendum af öðru kyninu, nema ef tilgangurinn er sá að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinar-innar en slíkt skal þá taka fram í auglýsingunni. Sama á við ef gild rök mæla með því að einungis sé auglýst eftir öðru kyninu, sbr. 2. mgr. 24. gr. jafnréttislaga.

Birting auglýsingar

- Embætti skal auglýsa í Lögbirtingablaði, sbr. 1. mgr. 7. gr. stml. (þar á meðal eru lögreglumenn, fangaverðir og tollverðir).
- Auk birtingar í Lögbirtingablaði er hægt að birta auglýsingar annars staðar, svo sem á starfatorg.is, vefsíðu og dagblaði.

Umsóknarfrestur

- Umsóknarfrestur þarf að vera a.m.k. 2 vikur frá útgáfudegi Lögbirtingarblaðs, sbr. 1. mgr. 7. gr. stml.
- Útreikningur frests fer skv. 8. gr. ssl. (ef birting er á sunnudegi þá er lokadagur þriðji mánudagur frá birtingu).
- Óheimilt er að taka umsóknir til greina að liðnum umsóknarfresti. Rétt þykir að miða við pósthimpil í þessu sambandi.
- Hægt er að framlengja umsóknarfrest með sérstakri auglýsingu.

Ráðningarstofur

- Óheimilt er að fela ráðningarstofu allt ráðningarferlið.
- Veitingarvaldshafi þarf sjálfur að taka ákvarðanir er hafa verulega þýðingu fyrir stöðu umsækjenda í ferlinu, svo sem; i) hverjum er boðið í starfsviðtal, ii) sjónarmið sem byggt er við hæfnismat umsækjenda sem og iii) endanlegt mat á því hver umsækjenda telst hæfastur.

Umsóknargögn og önnur gögn, svo sem umsagnir

- Frumkvæðisskylda er hjá ráðuneyti/stofnun að afla frekari upplýsinga þegar umsóknargögnum er áfátt, sbr. rannsóknarskylda ssl.
- Umsóknargögn ber að varðveita en ekki endursenda, sbr. 22. gr. uppl., lög um þjóðskjalasafn og ssl.
- Skylt er að skrá niður munnlegar upplýsingar umsagnaraðila sem hafa verulega þýðingu og ætlunin er að byggja á, sbr. 23. gr. uppl.
- Umsækjandi getur krafist þess að fá aðgang að öllum gögnum um sjálfan sig, sbr. 15. gr. ssl.
- Umsækjandi getur krafist þess að fá aðgang að gögnum annarra umsækjenda (meðumsækjenda). Meta þarf í hverju tilviki hvort rétt sé að takmarka þennan rétt vegna einkahagsmuna þess sem í hlut á. Sjá 15., 16. og 17. gr. ssl. Eftirtalin atriði teljast til einkahagsmuna í þessu samhengi; mat umsagnaraðila á starfshæfni meðumsækjanda, mat á frammistöðu hans í starfsviðtali, ljósmyndir og upplýsingar um fjölskylduhagi og heimilisfang.

Starfsviðtal

- Heimilt er að kalla í viðtal þá umsækjendur sem koma helst til greina eða ef afla þarf meiri upplýsinga hjá þeim (ekki skylt að boða alla).
- Skylt er að skrá niður upplýsingar í starfsviðtali sem hafa verulega þýðingu og ætlunin er að byggja á, sbr. 23. gr. uppl.

Andmælaréttur

- Umsækjandi á rétt á að tjá sig um nýjar upplýsingar sem eru honum í óhag, hafa verulega þýðingu við úrlausn máls og ætlunin er að byggja á, sbr. 13. gr. ssl.
- Hafi kerfsibundið mat verið lagt á hæfni umsækjenda þykir rétt að gefa þeim stuttan frest til að kynna sér niðurstöðu þess og gefa þeim tækifæri til að tjá sig um hana. Það sama gildir ef frammistaða/hæfni umsækjenda hefur verið prófuð.

Veiting starfs (hæfisskilyrði og hæfnismat)

- Meta þarf hvaða umsækjendur uppfylla menntunar- og hæfiskröfur skv. auglýsingu og/eða sérákvæðum laga. Þá þarf að gæta að almennum starfsskilyrðum 6. gr. stml. svo sem um

lágmarksaldur og nauðsynlega heilbrigði, andlega og líkamlega. Athygli er vakin á því að ísl. ríkisborgararéttur er skilyrði þess að fá skipun í embætti, sbr. 1. máls. 2. mgr. 20. gr. stjkskr.

- Úr hópi þeirra umsækjenda sem uppfylla ofangreind skilyrði skal velja hæfasta umsækjandann. Mat á því hver telst hæfastur kallast hæfnismat.
- Veitingarvaldshafi ákveður hvaða sjónarmið eru lögð til grundvallar við mat á hæfni umsækjenda nema um þau sé mælt sérstaklega í lögum eða reglum. Sjónarmiðin þurfa að vera málefnaleg með hliðsjón af eðli og verkefnum starfs. Meta skal hæfni umsækjenda á grundvelli sömu sjónarmiða.
- Ef um jafnhæfa umsækjendur af gagnstæðu kyni er að ræða, á umsækjandinn af því kyni sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein forgang til starfsins, sbr. jafnréttislög.
- Fatlaðir umsækjendur eiga forgang til starfs gagnvart jafnhæfum ófötluðum umsækjendum, sbr. 32. gr. laga um málefni fatlaðra.
- Talið er að heimilt sé að hætta við og ráða engan, jafnvel þótt meðal umsækjenda sé einhver sem uppfyllir hæfisskilyrði starfsins.

Skipun eða setning í embætti

- Ganga þarf skriflega frá skipun eða setningu í embætti og upplýsa starfsmann um skipunarkjör hans á sérstöku fylgiblaði sbr. 23. og 8. gr. stml. og reglur nr. 513/1996. Eyðublað fyrir slík fylgiblöð er hægt að nálgast á vef fjármálaráðuneytisins.
- Forstöðumönnum skal setja erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið í rekstri stofnunar og verkefni hennar, bæði til lengri og skemmri tíma litið, sbr. 1. mgr. 38. gr. stml. Heimilt er að setja öðrum embættismönnum almenn fyrirmæli um starf (starfslýsingu), sbr. 8. gr. stml. Fjármálaráðuneytið hefur beint þeim tilmælum til stofnana að starfslýsingar séu til um öll störf og þau séu rétt flokkuð skv. Ístarf-95.
- Sérhver embættismaður skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, sbr. 2. mgr. 20. gr. stjkskr.

Tilkynning um veitingu starfs

- Hlutaðeigandi stofnun ber að tilkynna umsækjendum skriflega um niðurstöðu máls, þ.e. hverjum var veitt embættið, sbr. ssl.
- Í tilkynningu skal leiðbeina um rétt umsækjenda til að óska eftir rökstuðningi og gefa þeim 14 daga frest frá móttöku bréfs til að óska eftir slíkum rökstuðningi, sbr. 20. og 21. gr. ssl.

Rökstuðningur

- Beiðni um rökstuðning skal svara innan 14 daga frá því að hún barst, sbr. 21. gr. ssl.
- Efni rökstuðnings. Nauðsynlegt er að lýsa þeim sjónarmiðum sem ákvörðun um veitingu starfs byggði á og greina frá helstu upplýsingum um þann sem fékk starfið, þ.e. menntun hans og starfsreynslu og eftir atvikum öðru sem hafði verulega þýðingu, svo sem persónulegra eiginleika. Sjá nánar 22. gr. ssl.